

ERINDISBRÉF

fyrir deildarstjóra Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

1. gr.

Deildarstjórar hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir kjarasamningum ríkisstarfsmanna.

2. gr.

Ráðherra skipar deildarstjóra að fengnum umsóknum og álitum forstjóra um þær. Deildarstjórar rita undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem hvíla á þeim í starfi þeirra.

Um menntun og reynslu deildarstjóra getur ráðherra kveðið á með reglugerð.

3. gr.

Forstjóri Framleiðslueftirlits sjávarafurða er yfirmaður deildarstjóra.

4. gr.

Deildarstjórar skulu kynna sér rækilega lög, reglugerðir og fyrirmæli, sem gildandi eru á hverjum tíma um mat og meðferð fiskafurða, — svo sem reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda, — útbúnað fiskibáta, vinnslu- og verkunarstöðva og annars, sem verksvið þeirra nær til. Þeir skulu og hafa eftirlit með því að framangreindum ákvæðum sé fylgt.

5. gr.

Deildarstjórar skulu veita forstöðu og hafa daglega umsjón hver með sinni deild innan stofnunarinnar. Ennfremur skulu þeir hafa eftirlit með störfum yfirmatsmanna og geta gefið þeim fyrirmæli.

6. gr.

Deildarstjórar hafa yfirmatsmenn sér til aðstoðar við eftirlit og mat.

7. gr.

Við framkvæmd starfa sinna er deildarstjórum heimill aðgangur að hverjum þeim stað, þar sem fiskur eða sjávarafurðir, sem l. nr. 108/1974, um Framleiðslueftirlit sjávarafurða taka til, eru unnar eða geymdar. Þeim er einnig heimilt að taka án endurgjalds hæfilegt magn sýnishorna af fiski eða sjávarafurðum til rannsókna enda verði eigendum fisksins eða afurðanna skilað skriflegri skýrslu um niðurstöður rannsóknarinnar. Ennfremur eiga deildarstjórar rétt á öllum þeim upplýsingum, sem þeim eru nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits.

8. gr.

Um ferða og dvalarkostnað deildarstjóra vegna starfa sinna gilda reglur fjármálaráðuneytisins þar að lútandi.

9. gr.

Deildarstjórum er óheimilt að stunda nokkurn atvinnurekstur, sem lýtur að fiskverkun eða fiskverslun.

10. gr.

Deildarstjórum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því, sem leynt á að fara og þeir hafa fengið vitneskju um í starfi sínu.

11. gr.

Deildarstjórar verða að sætta sig við þær breytingar, sem gerðar kunna að verða á erindisbréfi þessu.

Sjávarútvegsráðuneytið, 20. janúar 1978.

Matthías Bjarnason.

Steinunn M. Lárusdóttir.

ERINDISBREF

fyrir yfirmatsmenn Framleiðslueftirlits sjávarafurða.

1. gr.

Yfirmatsmenn hafa skyldur og njóta réttinda sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

2. gr.

Ráðherra skipar yfirmatsmenn að fengnum umsóknum og áliti viðkomandi deildarstjóra og forstjóra um þær.

Yfirmatsmenn rita undir eiðstaf um, að þeir vilji rækja með alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra.

Um menntun og reynslu yfirmatsmanna getur ráðherra kveðið á með reglugerð.

3. gr.

Forstjóri framleiðslueftirlits sjávarafurða er yfirstjórnandi yfirmatsmanna, en nánasti yfirboðari þeirra er deildarstjóri hlutaðeigandi deildar Framleiðslueftirlitsins. Viðkomandi deildarstjóri eða forstjóri mælir fyrir um, hvernig störfum skuli hagað, að svo miklu leyti sem þau eru ekki ákveðin í erindisbréfi þessu. Yfirmatsmenn skulu gefa deildarstjórum skýrslur um störf sín og leita álits og úrskurðar deildarstjóra um atriði, sem þeir eru í vafa um. — Yfirmatsmenn skulu og skýra deildarstjórum frá atriðum, sem verða mættu til bóta í mati og framleiðslu eða nýjungum á því sviði, einnig frá því, sem miður fer í verkun og vinnslu og nauðsynlegt kann að vera að fá bætt úr.

Yfirmatsmenn geta haft með höndum verkefni einnar eða fleiri deilda eftir ákvörðun forstjóra, sem jafnframt getur fært þá á milli umdæma með samþykki ráðherra.

4. gr.

Yfirmatsmenn skulu kynna sér rækilega gildandi lög um fiskmat, svo og reglugerðir og fyrirmæli, sem gefin eru út samkvæmt lögnum. Ennfremur skulu þeir kynna sér önnur lög og reglugerðir, sem starfi þeirra viðvíkur, svo sem reglugerð um lágmarksstærðir fisktegunda. Yfirmatsmönnum er skylt að haga mati sínu og eftir-